

Verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna Íslenska lífeyrissjóðsins með fjármálagerninga

Gildissvið og markmið

1. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 5. tölul. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Þær taka, eftir því sem við á, til Íslenska lífeyrissjóðsins (hér eftir „lífeyrissjóðurinn“ eða „sjóðurinn“), starfsmanna sjóðsins, stjórnarmanna og nátengdra aðila þeirra. Þá taka reglurnar einnig til lögaðila sem lúta yfirráðum stjórnarmanns/starfsmanns lífeyrissjóðsins eða nátengds aðila.

Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi lífeyrissjóðsins og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrir fram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála. Reglunum er ætlað að tryggja vandaða starfshætti sem stuðla að trúverðugleika sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.

Stjórnarmenn og starfsmenn sjóðsins bera ábyrgð á því að viðskipti þeirra og nátengdra aðila með fjármálagerninga valdi ekki hagsmunaréstrum og séu í samræmi við lög og reglur og yfir tortryggni hafin. Með öllu er óheimilt að nýta í eigin þágu innherjaupplýsingar eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem stjórnarmenn og starfsmenn fá vegna starfa sinna/stjórnarsetu.

Skilgreiningar

2. gr.

Í reglum þessum merkir:

Nátengdir aðilar:

- a) maki, maki í staðfestri samvist eða sambúðarmaki
- b) barn, kjörbarn eða stjúpbarn sem er á framfæri starfsmanns/stjórnarmanns lífeyrissjóðsins,
- c) önnur skyldmenni starfsmanns/stjórnarmanns lífeyrissjóðsins sem hafa búið á sama heimili og hann í a.m.k. eitt ár miðað við þann dag sem tiltekin viðskipti fara fram.
- d) Eignarhaldsfélög eða önnur félög sem stjórnarmenn, starfsmenn eða nátengdir aðilar, geta í skjóli eignaraðildar eða stjórnarsetu, tekið þátt í viðskiptum með fjármálagerninga.

Innherjaupplýsingar:

Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða, beint eða óbeint, skráða fjármálagerninga og eru

líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna yrðu þær gerðar opinberar.

Fjármálagerningar:

Átt er við fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu laga um markaði fyrir fjármálagerninga eins og þau eru á hverjum tíma.

Meðferð trúnaðar- og innherjaupplýsinga

3. gr.

Stjórnarmönnum og starfsmönnum sjóðsins er óheimilt að nýta trúnaðarupplýsingar er þeir hafa öðlast í krafti stöðu sinnar, sjálfum sér eða nátengdum aðilum til fjárhagslegs ávinnings.

Þeim sem reglurnar taka til og búa yfir eða hafa aðgang að innherjaupplýsingum er óheimilt að:

1. kaupa eða selja þá fjármálagerninga sem upplýsingarnar varða fyrir eigin reikning eða annarra
2. láta þriðja aðila innherjaupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli innherjaupplýsinga að kaupa eða selja fjármálagerninga eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerningana.
4. afturkalla eða breyta fyrirmælum sem voru veitt áður en viðkomandi fékk innherjaupplýsingar

Markaðshegðun

4. gr.

Þeim sem þessar reglur taka til er óheimilt að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með fjármálagerninga eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekna fjármálagerninga eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í viðskiptum með fjármálagerninga.

Jafnframt er þeim óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning með því að nýta sér í eigin þágu viðskiptakjör sem lífeyrissjóðurinn kann að njóta hjá þriðja aðila.

Enn fremur skulu þeir ekki eiga viðskipti með einstaka fjármálagerninga á sama tíma og lífeyrissjóðurinn eða sem lífeyrissjóðurinn hyggst eiga viðskipti með fyrir eigin reikning í nánustu framtíð þegar þeir hafa vitneskju um slík viðskipti vegna starfsins.

Þagnarskylda

5. gr.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Þess ber ætíð að gæta að trúnaðarupplýsingum og upplýsingum sem þagnarskylda hvílir á sé ekki miðlað til fleiri aðila en brýna nauðsyn ber til í hverju tilviki.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, aðrir starfsmenn sem skulu halda utan um það hverjir hafi aðgang að trúnaðarupplýsingum og hvernig þeir miðla slíkum upplýsingum sín á milli.

Tilkynningarskylda vegna viðskipta með fjármálagerninga

6. gr.

Stjórnarmenn og þeir starfsmenn sem koma að starfsemi sem valdið getur hagsmunaárekstrum, hafa aðgang að innherjaupplýsingum eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem geta tengst viðskiptum sjóðsins með fjármálagerninga skulu að eigin frumkvæði tilkynna um öll viðskipti með fjármálagerninga samdægurs, þegar það á við, og eigi síðar en við upphaf næsta vinnudags eftir að þau voru gerð.

Tilkynningar skulu sendar til áhættustjóra sjóðsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins skal auk þess senda tilkynningu um viðskipti sín og tengdra aðila til stjórnarformanns. Tilkynna skal um viðskipti með afleiðusamninga bæði þegar þeir eru gerðir og við uppgjör. Viðskipti með fjármálagerninga skal tilkynna hvort sem þau eru gerð í nafni viðkomandi stjórnarmanns eða starfsmanns, tengdra aðila hans eða félags sem starfsmaður eða stjórnarmaður eða tengdir aðilar hans eiga ráðandi hlut í.

Eftirfarandi viðskipti eru undanþegin tilkynningaskyldu:

- a) eigin viðskipti sem framkvæmd eru í eignastýringu þar sem engin samskipti hafa farið fram í tengslum við viðskiptin milli eignasafnstjórans og hlutaðeigandi einstaklings,
- b) eigin viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sbr. lög nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og hlutdeildarskírteini sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta sbr. lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs.
- c) eigin viðskipti með fjármálagerninga erlends útgefanda sem ekki hefur fjárhagslega hagsmuni á Íslandi

Stjórnarmenn og þeir starfsmenn sem koma að ákvörðunum um viðskipti sjóðsins með fjármálagerninga skulu upplýsa um eign sína í fjármálagerningum er þeir taka við starfinu. Jafnframt skulu þeir tilkynna um tengsl sín við einstaklinga eða félög sem þeir eru í fjárfélagi við, annast fjármál fyrir eða gæta hagsmuna, m.a. með stjórnarsetu. Í þessu sambandi skal til að mynda sérstök grein gerð fyrir fjárfestingarfélögum. Einnig skal tilkynna þegar breytingar verða.

Lífeyrissjóðurinn skal halda skrá um tilkynningarskyld viðskipti samkvæmt framangreindu þar sem skráðar eru upplýsingar um fjármálagerningana, fjárhæð nafnverðs, kaupverð og tímasetningu kaupa.

Leiki vafi á því hvort fyrirhuguð viðskipti geti samrýmst ákvæðum þessara reglna eða önnur atvik séu með þeim hætti að ákvæði þessara reglna eigi við skulu þeir aðilar sem reglur þessar taka til leita álits framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins eða þess starfsmanns sem hefur daglegt eftirlit með framkvæmd reglnanna. Viðkomandi ber að skera úr um slík atriði áður en viðskipti eru framkvæmd eða önnur skref stigin sem gætu brotið gegn reglunum.

Undirritun yfirlýsingar

7. gr.

Stjórnarmenn lífeyrissjóðsins og þeir starfsmenn sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd viðskipta sjóðsins með fjármálagerninga með einhverjum hætti skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér og maka sínum þessar reglur og skuldbindi sig til að hlíta þeim.

Eftirlit

8. gr.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, skulu:

- sjá um og bera ábyrgð á kynningu þessara reglna meðal stjórnarmanna og starfsmanna;
- sjá til þess að reglurnar séu jafnan aðgengilegar fyrir þá sem undir þær heyra;
- hafa eftirlit með að reglunum sé fylgt, s.s. að tryggja að yfirlýsingar séu undirritaðar sbr. 7. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins er þó heimilt að fela til þess bærums starfsmanni að fara með daglegt eftirlit með framkvæmd þessara reglna.

Tilkynningar samkvæmt þessum reglum skulu sendar framkvæmdastjóra eða starfsmanni sem stjórn sjóðsins hefur falið daglegt eftirlit með framkvæmd reglnanna.

Stjórn sjóðsins og starfsmenn skulu veita regluvörslu Landsbankans umboð til að sækja árlega yfirlit yfir verðbréfavíðskipti sín og tengdra aðila til viðeigandi verðbréfaskráningar í því skyni að hafa eftirlit með því að farið sé eftir reglunum. Regluvarsla Landsbankans kannar hvort víðskipti hafi þá verið tilkynnt í samræmi við reglurnar og kynnir niðurstöður fyrir stjórn í ársskýrslu.

Brot á reglum

9. gr.

Brot á reglum þessum skal tafarlaust tilkynna stjórn lífeyrissjóðsins sem, eftir eðli brots, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu.

Viðurlög

10. gr.

Brot á reglunum geta varðað athugasemdom, áminningu eða uppsögn aðila allt eftir atvikum. Brot gegn reglunum geta falið í sér brot á lögum og geta þeir sem undir reglurnar falla því sætt viðurlögum samkvæmt lögum.

Gildistaka

11. gr.

Reglur þessar taka gildi við undirritun stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins og að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum. Reglurnar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Við gildistöku þeirra falla úr gildi eldri reglur um sama efni.

Reykjavík 27. nóvember 2024

Yfirlýsing stjórnarmanna og starfsmanna

Ég undirrituð/aður hef kynnt mér og nátengdum aðilum mínum efni reglna um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna Íslenska lífeyrissjóðsins með fjármálagerninga, dagsettar 27. nóvember 2024, og heiti því að virða þær reglur í hvívetna.

Ég veiti regluvörslu Landsbankans umboð til að sækja árlega yfirlit yfir verðbréfiðskipti mín og tengdra aðila til viðeigandi verðbréfaskráningar.

Reykjavík, dags. _____

Undirritunarsíða

Atli Atlason

Snorri Ómarsson

Kristín Hrefna Halldórsdóttir

Una Eypórsdóttir

Þórir Óskarsson